



HAFNARSVÆÐI Í KROSSANESI, AKUREYRI

BREYTING: Lenging viðlegukants




Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:2.000



Gildandi aðalskipulag, mkv. 1:10.000

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk, svæðamörk
- Lóðarmörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitir fyrir hús og tanka
- Leiðslur, dælulagnir
- Kvöð um umferð
- Kvöð um lagnir innan lóða
- Starfsemi| Mesta vegghæð langhlíða
- Nýtingarhlutfall| Hámarkshæð mannvirkja
- Óbyggð svæði
- Skráðir minjastaðir, varúðarsvæði
- I Hafnsækin starfsemi, iðnaður, birgðastöðvar
- V Lóðir og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar
- B Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði
- Z Veitumannvirki
- Gatnakerfi
- Landfyllingar
- Núverandi byggingar
- Byggingar sem heimilt er að fjarlægja

GREINARGERÐ

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deili-skipulagi hafnarstarfsemi í Krossanesi verði breytt vegna áforma um lengingu við-legukants.

Megintilgangur með stækkun viðlegu-kantsins er að bæta aðstöðu fyrir stór skip. Ekki er gert ráð fyrir stækkun athafnasvæða hafnarinnar umfram þá stækkun sem verður á umferðar- og þjónustusvæðum meðfram viðlegukantinum. Engin breyting er gerð á lóðarmörkum. Með breytingunni er bæði bætt aðstaða fyrir viðlegu stórra skipa og sjóflutninga aðfanga og afurða verk-smiðjanna á hafnarssvæðinu.

Forsendur

Krossaneshöfn hefur lengst af verið fiskihöfn og olíuhöfn. Núverandi viðlegu-kantar og bryggjur miðast annars vegar við stór fiskiskip (rúmlega 3.000 brúttótonn (bt)) en hins vegar við olíuskip allt að 16.000 bt. en skip af þeirri stærð hafa lagst þar að. Fiskiskip leggjast ekki lengur að í Krossanesi en með breytttri starfsemi mun höfnin að einhverju leyti nýtast sem vöru-höfn. Með breytingunni verða bættar aðstæður fyrir allt að 16.000 bt. flutninga-skip en þau þurfa annars konar hafnarbakka og aðstöðu en olíuskipin. Ekki er gert ráð fyrir að stærri skip nýti höfnina sem vöru-höfn þótt þau gætu lagst þar að bryggju ólestuð.

Ekki er þörf á dýpkun vegna lengingar hafnarkantsins.

Áhrifamat

Breyting þessi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrulegt umhverfi né menningarminjar. Um er að ræða viðlegukant, viðbót við þegar byggt

mannvirki, þar sem ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli hafnarstarfsemi, og er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á umferð eða umsvifum á skipulagssvæðinu. Breytingin styður megin stefnu Akureyrar-bæjar um samgöngur.

Áætlað efnismagn í stækkun fyllingar og viðlegukant er um 15.000 m³. Efnid verður fengið úr grjótnámunni í Krossanesi, sem er um 500 m vestan hafnarssvæðisins. Grjót-náman er í eigu Akureyrarbæjar og hefur tilskilin rekstrarleyfi.

Í breytingunni felast minni háttar breytingar á útfærslu mannvirkja, sem þegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Ekki er um að ræða nein ný mannvirki eða starfsemi, sem breytir umhverfisáhrifum hafnarssvæðisins frá því sem þegar er gert ráð fyrir í gildandi skipulagsáætlunum.

Breyting á skipulagsuppdrætti

Hafnarkantur í Jötunheimavík er lengdur um 120 m til suðurs og stækkar umferðar- og þjónustusvæði hafnarinnar að sama skapi. Landfylling er stækkuð til samræmis.

Breyting á greinargerð

Kaflí 3.2.4 Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði - B

2. mgr.:

Gildandi skipulag:

Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants til norðurs.

Breytt skipulag:

Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants til norðurs. Einnig er gert ráð fyrir lengingu hafnarkants í Jötunheimavík til suðurs um 120 m.

SAMÞYKKT

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 og var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga

frá _____ til _____
var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

bæjarstjórinn á Akureyri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í
B-deild Stjórnartíðinda

28. okt. 2009



AKUREYRARBÆR
SKIPULAGSDEILD

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fal

KAUFANGI VINNIFÁRVEG 3 SKÓLAVÖRUBEITG 3
600 AKUREYRI 101 REYKJAVÍK
SÍMI 481 8508 SÍMI 552 8740
NETTANGI: am@teknistofa.is VEFANGI: www.teknistofa.is